

**5. ÞJÓNUSTUGJALD**

- 5.1 Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum samkvæmt gjaldskrá staðfestri af utanríkisráðuneyti.
- 5.2 Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför.

**6. ALMENN ÁKVÆÐI**

- 6.1 Þar sem getið er um þunga loftfars er átt við leyfilegan hámarksflugtaksþunga þess eins og hann er skráður í lofthæfisskirteinið.
- 6.2 Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu staðgreiddast. Þó skal flugvallarstjóra heimilt að veita allt að 60 daga greiðslufrest sé sérstaklega um það samið. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga er flugvallarstjóra heimilt að stöðva notkun loftfara hlutaðeigandi flugrekanda.

**7. GILDISTAKA**

- 7.1 Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, og tekur gildi 1. mars 1977. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 173 21. apríl 1975.

*Utanríkisráðuneytið, 14. febrúar 1977.*

**Einar Ágústsson.**

*Páll Ásg. Tryggvason.*

**AUGLÝSING****um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Umferð um Túnbrekku skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð Lundarbrekku og Selbrekku samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar, sbr. 3. málsgrein 48. gr. umferðarlaga.
2. Umferð um Smiðjuveg frá Reykjanesbraut að Skemmuvegi og umferð um Skemmuveg frá gatnamótum hans og Smiðjuvegur að Nýbýlavegi skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð úr aðliggjandi götum samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar sbr. 3. málsgrein 48. gr. umferðarlaga.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi, 30. janúar 1977.*

**Sigurgeir Jónsson.**